



HAFNARFJÖRÐUR

Minnisblað – öll ráð – september 2022

Málsnr. 2208659– Fjárhagsáætlun 2023- 2026

Minnisblað Sambandsins - Forsendur fyrir vinnslu fjárheimilda ársins 2023 og fjárhagsáætlun til þriggja ára:

- Hagstofan gerir ráð fyrir að verðbólga verði 7,5% í ár, 4,9% 2023
- Neysluverðsvísitala hækkar um 4,9% árið 2023 skv. Þjóðhagsspá hagstofu
 - Í áætlun þessa árs voru gjaldskrár og kostnaðarliðir hækkaðir frá 1. Janúar um áætlaða verðbólgu 2,5%. Raunin er sú að vísitalan hefur hækkað um 7,18% frá janúar til ágúst. Taka þarf tillit til þessarar umfrámhækkunar á vísitölu í ákvörðun um hækkun næsta árs.
 - Greiningadeildir bankastofnana og Seðlabanki spá hækkun neysluverðsvísitölu á bilinu 5,0 – 5,9%. Meðaltal 5,4%. Sveitarfélög er hvött til að hafa hliðsjón af öðrum spám en nú er einnig reiknað með að uppfærð hagspá Hagstofu verði líklega birt 1. október 2022. (var áður birt 1. nóv hvert ár eða eftir að drög að fjárhagsáætlun voru birt)
- Fasteignamat íbúðarhúsnæðis hækkar um 19,9% á landvísu sem er umtalsvert meiri hækkun en undanfarin ár. Í Hafnarfirði nam hækkunin 22,0%. Fasteignamat atvinnuhúsnæðis hækkaði um 10,2% á landsvísu og 6,8% í Hafnarfirði.

Launavísitala hækkar um 5,5% skv. Þjóðhagsspá hagstofu og hefur verið miðað við þá hækkun í áætlun útsvars. Kjarasamningar á almennum markaði, svonefndir lífskjarasamningar, falla úr gildi 1. nóvember nk. Kjarasamningar við starfsfólk sveitarfélaga gilda ýmist til loka mars eða september 2023. Staðgreiðsluáætlun sveitarfélaga mun liggja fyrir í október.

- Laun verða sem fyrr áætluð í launakerfi fyrir hvert og eitt stöðugildi.
- Tekjur jöfnunarsjóðs ráðast af skatttekjum ríkisins og útsvarsstofni sveitarfélaga. Framlög til einstakra sveitarfélaga ráðast af lögum og reglugerðum um sjóðinn. Jöfnunarsjóður mun væntanlega gefa út tilkynningu um áætluð framlög upp úr miðjum september nk..

Tímarammi fjárhagsáætlunar 2023

- Launaáætlun verður opnuð í viku 35. Launaáætlun á að liggja fyrir 16 september í viku 37. (grunnskóla er ekki hægt að fullklára fyrr en í október).
- Tekjuáætlun unnin í september og október í takti við útkomuspá, efnahagsspá og áherslur.
- Miðlægt rekstraráætlunarskjal verður opnað í viku 35 og skilafrestur er 23. september. (vika 38)
 - Fastir liðir eiga þó að liggja fyrir ekki síðar en 16. september (vika 37)
 - Athuga þarf sérstaklega áætlun um búnaðarkaup og nauðsynlegt viðhald.
 - **Vinna skal rekstraráætlun miðað við óbreyttan og/eða sparnað í rekstri. Allar óskir um breytingar og/eða viðbætur skulu lagðar fram í sérstökum listum og tekið fyrir eftir að grunnur fjárhagsáætlunar liggur fyrir.**



HAFNARFJÖRÐUR

- Drög að framkvæmdaáætlun skal liggja fyrir þann **30. sept.** (vika 39)
- Greinargerð á að vinnast samhliða áætlanagerð og liggja fyrir þegar áætlun verður lögð fram í lok október.
- Ráðin verði með **endanlegar tillögur í viku 41** (10 – 14. okt. **ekki ráðsvika**) og bæjarráð þarf að afgreiða tillögur í viku **42** (bæjarráð er 20. okt).
- **Lokafrágangur og fjárhagsáætlun – möguleiki á aukafundi í bæjarráði í viku 44.**
31. okt er mánudagur og er það síðasti mögulegi dagur fyrir aukafund til endanlegrar afgreiðslu.
- Fyrri umræða bæjarstjórnar verður 16. nóvember 2022. Seinni umræða og endanleg afgreiðsla fjárhagsáætlunar fari fram eigi síðar en á bæjarstjórnarfundi 14. desember 2022.